

vinnuskjal - 3. 10. 1990

**ÁHRIF VAXANDI SAMKEPPNI FRÁ
UPPBOÐSMÖRKUÐUM Í EVRÓPU
UM FERSKAN ÍSLENSKAN FISK**



Byggðastofnun

Þróunarsvið

september 1990

EFNISYFIRLIT

	bls.
EFNISYFIRLIT	2
1 NOKKUR MEGINATRIÐI	3
2 ÍSFISKMARKAÐIR Í EVRÓPU SEM BÚAST MÁ VIÐ AÐ KOMI TIL MEÐ AÐ EFLAST	6
2.1 Humber svæðið	6
2.2 Vestur Þýskaland: Bremerhaven og Cuxhaven	9
2.3 Boulogne í Frakklandi	9
2.4 Zeebrugge í Belgíu	10
2.5 Hirtshals/ Vestur Jótland	10
2.6 NIÐURSTAÐA: Aukin samkeppni um ísfisk líkleg milli markaðanna	10
3 ÞRÓUN ÚTFLUTNINGS OG MARKAÐSVERÐS Á FERSKUM ÍSLENSKUM FISKI Í EVRÓPU	11
3.1 Almenn þróun útflutnings á ísuðum botnfiski	11
3.2 Útflutningur til Bretlands og Þýskalands 1990. Magn og verðþróun	12
3.3 Áhrif á verð á fiskmörkuðum heimafyrir og afkomu vinnslunnar í landi	13
4 ÓJÖFN SAMKEPPNI ÍSLENSKRA VINNGLUSTÖÐVA VIÐ STYRKTA OG TOLLVERNDAÐA FISKVINNSLU Í NÁGRANNALÖNDUM	15
4.1 Tollvernd Evrópubandalagsins gagnvart Íslendingum, Norðmönnum, Kanadamönnum og Færeyingum	15
4.2 Ódýrari kostnaðarþættir og meiri hagkvæmni í fiskvinnslu á Humber svæðinu en hér á landi	17
5 STYRKIR OG ATVINNUÞRÓUNARSTARFSEMI Í EB	20
5.1 Styrkir til atvinnuveganna og byggðastefna Evrópubandalagsins	20
5.2 Sérstakir styrkir frá Evrópubandalaginu til fiskvinnslu	21
6. HORFUR UM BREYTTAR SAMKEPPNISASTÆÐUR NÆSTU ÁR	22
7. HAGNÝTA ÍSLENSKIR FISKVERKENDUR SÉR STYRKI OG AÐRA AÐSTÖÐ Í EVRÓPULÖNDUM MEÐ ÞVÍ AÐ FLYTJA ATVINNUREKSTUR SINN ÚR LANDI?	23
8 ÁHRIF AUKINNAR SAMKEPPNI UM FERSKAN FISK Á BYGGÐAÞRÓUN HÉR Á LANDI	24
9 HUGSANLEG VIÐBRÖGÐ STJÓRNVALDA, BYGGÐASTOFNUNAR OG STJÓRNENDA FISKVINNSLUFYRIRTÆKJA	26
VIÐAUKI	27

1 NOKKUR MEGINATRIÐI

Ætlunin með þessum vinnublöðum er að minna á og skýra ójafna samkeppnisaðstöðu íslenskra og evrópskra fiskvinnslufyrirtækja til kaupa á íslenskum fiski.

Megintilgangurinn er þó sá að vekja athygli á því að búast má við að þessi ójafna samkeppni haldi áfram og fari vaxandi næstu ár af hálfu Evrópuþjóða og jafnframt að hátt verð á ísfiskmörkuðum í Evrópu muni hafa veruleg áhrif í verðmyndun á fiski hér innanlands.


Af þessu leiðir, að hætt er við að hráefni til fiskvinnslu á landsbyggðinni dragist verulega saman og einnig að verð á minnkandi hráefni verði mjög hátt að öllu óbreyttu.

Þá verður lauslega vikið að því hvernig fiskiðnaðurinn, samtök í sjávarútvegi, stjórnvöld, Byggðastofnun og aðrir aðilar gætu fylgst með og hugsanlega brugðist við þessari framvindu mála.

Þetta er í raun aðeins framhald þeirrar þróunar sem þegar er orðin. Fiskur hefur verið fluttur í vaxandi mæli óunninn eða hálfunninn á uppboðsmarkaði í Evrópu. (Mynd 1) Reynslan sýnir, eins og hér verður fjallað nánar um síðar, að hækking verð á þessum ísfiskmörkuðum erlendis hefur bein áhrif á verðið sem myndast á uppboðsmörkuðum hér heima fyrir. Þannig hækkaði fiskur að meðaltali bæði hér heima á mörkuðunum og í Bretlandi um 50% fyrstu sex mánuðum þessa árs miðað við sama tíma í fyrra.

Það verð hefur síðan óbein áhrif á alla verðmyndun á ferskum fiski. Þannig hefur hráefnisverð fyrir alla fiskvinnslu innanlands hækkað verulega af þessum ástæðum og horfur eru á að sú verðskráfa fari fremur vaxandi.

Mynd 1 Ísfiskur til útflutnings



Heimild: Fiskifélag Íslands

Aðalástæður fyrir framangreindum horfum eru sem hér segir:

1. Aukinn hagstæður markaður fyrir ferskan fisk, óunninn eða flattan, í Evrópu og verulegur munur á rekstrarumhverfi fiskvinnslu hér heima og erlendis.

2. Verndartollar Evrópubandalagsins og byggðastyrkir eða stofnfjárstyrkir til fjárfestinga í fiskveiðum og fiskvinnslu frá bandalaginu og einstökum ríkjum.
3. Vaxandi atvinnuþróunarstarfsemi, sem nýtur margvíslegra opinberra fjárstyrkja og stuðnings í löndum EB.

Þessi aukna atvinnuþróunarstarfsemi felst einkum í víðtækri samvinnu sveitarfélaga, stofnana, samtaka og einkaaðila með fjárstuðningi viðkomandi ríkis og Evrópubandalagsins. Hún beinist m.a. að því að stórbæta skilyrði til móttöku, vinnslu og dreifingar fisks í ýmsum hafnarborgum á vesturströnd Evrópu og á Humber svæðinu í Bretlandi.

Ástæða er til að ætla að áhrif þessa þróunarstarfs og opinbers stuðnings á samkeppnina um hráefnið minnki ekki heldur fari fremur vaxandi í næstu framtíð öfugt við það sem oft er haldið fram. Þá kemur einnig til að fiskveiðar EB-þjóða dragast vafalítið enn saman á næstunni.

Þær hafnir eða hafnarsvæði í Evrópu sem eru í uppbyggingu sem fiskmóttöku og dreifingarstöðvar liggja allar vel við hinum nýja 300-400 milljóna manna sameiginlega markaði, sem er líklegt að myndist þar á næsta áratug. Í þessu sambandi má t.d. nefna Humber svæðið í Bretlandi, Bremerhaven og Cuxhaven í Þýskalandi, Hirtshals á Jótlandi, Zeebrugge í Belgíu og Boulogne í Frakklandi.

Mynd 2 Mikilvægir ísfiskmarkaðir í norðanverðri Evrópu sem eru í vexti



Á sumum þessara staða er verið að leggja í mikla fjárfestingu í framangreindu skyni. Því má búast við harðri og vaxandi samkeppni milli þeirra um að ná til sín þeim viðskiptum með ferskan fisk, sem talið er að muni aukast, bæði af almennum ástæðum og einnig sérstaklega með tilkomu sameiginlegs Evrópumarkaðar.

Flest rök virðast því hníga að því að verð á þessum mörkuðum fyrir ferskan fisk til neytenda haldist hátt og að eftirspurnin þar eftir fiski aukist ört á næstu árum.

Styrkir Evrópubandalagsins eru ekki háðir því hveðar þjóðar eigendur fyrirtækjanna eru. Því má allt eins gera ráð fyrir að íslenskir framleiðendur sjái sér hag í því að koma sér upp aðstöðu með einum eða öðrum hætti til vinnslu á íslenskum fiski erlendis og að þeir nýti sér þannig styrki frá EB og viðkomandi ríkjum.

Dæmi eru um að þetta hefur staðið sérstaklega til boða og vandséð hvers vegna ekki er meira um að þeim hafi verið tekið eða þessir möguleikar nýttir. Það er sennilega vegna þess að mönnum er ekki nægilega kunnugt um þessa kosti og þá möguleika sem þeir hafa til reksturs fyrirtækja sinna í þessum löndum. Þá kemur einnig til íhaldssemi og tregða til þess að flytjast til annarra landa. Þetta gæti breyst við kynslóðaskipti í fyrirtækjum.

Ekki þarf mörgum orðum að því að eyða hvaða áhrif það hefur á þróun byggðar í landinu, ef fiskvinnsla hér innanlands dregst verulega saman vegna aukinnar og ójafnrar samkeppni erlendis frá til viðbótar vaxandi tilhneigingu til þess að vinna fisk um borð í skipum.

Athugun á því hvernig ástandið er og hvert horfir í þessum efnum hefur því mikla byggðapólitíska þýðingu, auk þess sem öll vitneskja og staðgóð þekking á þessu sviði er auðvitað mikilvæg forsenda stefnumótunar í atvinnumálum þjóðarinnar.

2 ÍSFISKMARKAÐIR Í EVRÓPU SEM BÚAST MÁ VIÐ AÐ KOMI TIL MEÐ AÐ EFLAST

Hefðbundnir ísfiskmarkaðir erlendis eru ólíkir og hafa misjafna þróunarmöguleika. Hér verður gerð grein fyrir helstu einkennum þeirra í örstuttu máli og þeim áformum sem vitað er um að því er varðar uppbyggingu á aðstöðu til móttöku, vinnslu og dreifingar á fiski.

2.1 Humbersvæðið

Á Humbersvæðinu í Bretlandi eru tveir stórtækustu markaðir fyrir óunninn íslenskan fisk í Evrópu, þ.e. í Hull og Grimsby. Hefðbundnar tegundir sem seldar eru þar eru þorskur, ýsa og kólí. Þessar tegundir eru nýttar af kaupendum bæði til flökunar og sölu beint til neytenda en einnig til frystingar og söltunar.

Ljóst er að íslenskur fiskur, sem seldur er ísaður eða hálfunninn á Humbersvæðinu fer í vaxandi mæli til vinnslu en ekki beinnar neyslu. Erfitt er þó að afla haldgóðra upplýsinga um hvernig hagnýting þessa afla skiptist milli vinnslu og neytendamarkaðar. Í athugun sem Þórður Árelíusson eftirlitsmaður í sjávarútvegsráðuneytinu gerði á árinu 1988 kom í ljós að ísfiskur sem seldur var í Grimsby og Hull í fjóra mánuði var að meðaltali hagnýttur eins og sýnt er í töflu hér að neðan

Helgi Már Reynisson, sjávarútvegsfræðingur gerði ritgerð við Sjávarútvegsháskólann í Tromsö, sem fjallaði um samanburð á samkeppnishæfni íslenskra og breskra fiskvinnslufyrirtækja. (Birtist í Sjávarútvegsfréttum ##xx tölublað) Hann lagði þá spurningu fyrir forráðamenn 12 breskra frystihúsa og ferskfiskvinnslufyrirtækja, sem könnun hans náði til, hversu mikill hluti íslenska fisksins (þorsks) sem seldur væri á markaði þar í landi færi í hinar ýmsu vinnslugreinar. Þessi könnun var gerð á svipuðum tíma og athugun Þórðar Árelíusarsonar. Niðurstaða Helga er sú að mun meira en helmingur af ísfiskinum fari til frekari vinnslu, sem er mun meira en athugun Þórðar benti til.


Niðurstaða þessara tveggja aðila er sýnd hér sýnd í töflu:

	<u>Þ.Á.</u>	<u>H.M.R.</u>
Fersk flök	60%	42%
Frysting	40%	50%
Í salt og reyk	0%	8%

Samkvæmt upplýsingum frá Sea Fish Industry Authority fer 58% af ísfiski sem berst til Grimsby í frystingu (Morgunblaðið 19. september 1990)

Allur fiskur sem fer í ferskfiskneysluna er handflakaður og er verðið á þeirri afurð er í sérflokki enda eru kæld flök m.a.vinsælt hráefni í „fish and chips“.

Mynd 3. Sveiflur á verði þorsks á markaði í Bretlandi eftir framboði



Heimild: LÍÚ

Þegar framboð er „hæfilegt“, að mati Þórðar Árelíussonar, um 1.200 tonn á viku og þar af 900 tonn af þorski og ýsu, er fiskurinn hagnýttur á framangreindan máta. Sé um offramboð að ræða fellur verðið og þá aukast mjög kaup manna á fiski til frystingar eða í salt. Við slíkar aðstæður er oft meira en helmingur af fiskinum keyptur og unninn þannig og seldur í samkeppni við íslenskar saltaðar og frystar sjávarafurðir. Ef verðið fellur mjög mikið kaupa saltararnir því meir sem verðið er lægra.

Magn ísfisks, sem selt hefur verið á mörkuðunum á Humber svæðinu undanfarin ár frá Íslandi er sem hér segir:

Tafla 1

Ár	Þorskur tonn	Ýsa tonn	Koli tonn	Samtals tonn
1987	36.361	9.974	6.623	52.938
1988	36.729	15.075	6.947	58.751
1989	30.391	16.703	5.375	52.439

Heimild: Aflamiðlun

Á þessu svæði hrundi allur sjávarútvegur þegar við Íslendingar náðum að stöðva veiðar Engendinga hér við land og samdráttur varð í veiðum þeirra á heimamíðum vegna ofveiði og mengunar. Atvinnulífið á Humber svæðinu hefur því verið í alvarlegri kreppu. Á síðustu árum hefur þar orðið mikil breyting á til batnaðar. Að því er varðar sjávarútveg byggist sú uppbygging fyrst og fremst á innfluttum fiski fyrst og fremst frá Íslandi.

Talið er að um 85% af hráefninu til fiskvinnslu á svæðinu sé innflutt og þar af er langmestur hlutinn frá Íslandi eða um 75%. Því er spáð að þessi þróun haldi áfram vegna minnkandi veiða Breta í Norðursjó (Alan Hopper Seafood News).

Þetta kemur m.a. fram í eftirfarandi töflu.

Tafla 2 Þorskveiðar Breta og innflutningur

Þúsund tonn	1983	1987
Veiðar	136,0	111,8
Innflutt	26,6	46,8
Þar af frá Íslandi	8,8	36,0

Heimild: FAO

Athyglisvert er, eins og fram kemur í töflunni, að öll aukningin í innflutningi til Bretlands á óunnum fiski er frá Íslandi. Þetta kemur í kjölfar þess að veiðar Breta sjálfra drögust saman og innflutningur frá öðrum EB þjóðum minnkaði. Segja má að Íslendingar hafi bætt Bretum upp aflasamdráttinn milli árana 1983-88 eins og kemur fram á eftirfarandi töflu. (Sjá einnig minnispunkta um byggðastyrki og byggðamál í Bretlandi 10.6.1990)

Tafla 3 Innflutningur á ísuðum þorski til Bretlands 1983 og 1988

	1983		1988	
	Tonn	Hlutfall	Tonn	Hlutfall
Frá Íslandi	8.784	32,5%	35.585	70,4%
Frá EBE löndum	17.670	65,4%	12.860	25,4%
Aðrir	572	2,1%	2.096	4,2%
	27.026	100,0%	50.542	100,0%

Heimild: Fiskifréttir


Í Humberhéraði í Bretlandi búa um 847.000 manns. Þar af er íbúafjöldi í Hull og nágrenni 413.000 manns en Grimsby 159.000 og Scunthorpe 132.000. Á þessu svæði hafa einstök sveitarfélög og samtök þeirra staðið fyrir mikilli starfsemi til atvinnuþróunar í samvinnu við ýmsa opinbera aðila og einkafyrirtæki, sem málið varða. Sú efling atvinnulífsins, sem þetta samstarf miðar að, er auðvitað einnig studd með framangreindum aðgerðum ríkisvaldsins og Evrópubandalagsins.

Á þessu svæði starfar „héraðsnefnd“ þ.e. Humber County Council en á vegum hennar vinnur atvinnuþróunarnefnd (Economic Development Unit) fyrir allt Humber hérað.

Þessi atvinnuþróunarnefnd hefur staðið að öflugum atvinnuþróunarstarfi og kynningarstarfi um þetta svæði, síðastliðin 4 ár. Hún sinnir verulegu ráðgjafastarfi, auglýsir aðstoð frá sveitarfélögunum, sem m.a. fela í sér styrki til starfsþjálfunar og starfsmenntunar, ódýrar lóðir, ódýrt tilbúið atvinnuhúsnæði, og aukastyrki til þessa eða hins. Síðast en ekki síst er mikil uppbygging á hafnaraðstöðu og tengdum mannvirkjum til fiskvinnslu og markaðssetningar á fiski í Bretlandi og Evrópubandalagsríkjum.

Til þess að benda á ápreiðanlegt dæmi er eitt af því sem stefnt er að í atvinnuþróunarstarfi á Humber svæðinu að gera Grimsby að *matvælaborg Evrópu*, eins og segir í auglýsingunum. Það er sú ímynd, sem mönnum í fiskiðnaði og öðrum matvælaíðnaði svo og öllum almenningi er ætlað að festa sér í minni. Þetta virðist vera að takast í raun. Á svæðinu eru mörg fræg stórfyrirtæki í fiskiðnaði og dreifingu sjávarafurða að byggja sig upp og þar er verið að þróa atvinnulíf einnig á öðrum sviðum svo sem í ferðamennsku. Eitt af lykilatriðunum í þessari þróunarvinnu sem er jöfnun höndum áróður og margvíslegar stuðningsaðgerðir er að vakin er athygli á því hversu *Humber svæðið liggur vel við Evrópumarkaðinum*, eins og sést á meðfylgjandi mynd.

Mynd 4



2.2. Vestur Þýskaland: Bremerhaven og Cuxhaven

Næst mikilvægustu ísfiskmarkaðir Íslendinga eru í Bremerhaven og Cuxhaven. Hefðbundnar tegundir sem þar eru seldar eru karfi og ufsi, en einnig grálúða. Þýðing þessa markaðar er fyrst og fremst sú að fyrir þessar tegundir fæst ótrúlega hátt verð miðað við það sem hugsanlegt er að fá fyrir þær annars staðar. (Sjá síðar verðdæmi).

Magn fisks sem selt hefur verið í þessum borgum á undanförunum árum er sem hér segir:

Tafla 4

	Karfi tonn	Ufsi tonn	Alls tonn
1987	11.692	2.552	14.244
1988	14.272	2.622	16.894
1989	17.911	3.007	20.918

Engar upplýsingar liggja fyrir um hvernig hagnýting þessa fisks skiptist milli neyslu og frekari vinnslu, en um hvort tveggja er að ræða. Ufsi er mikið unninn í sjólax.

Markaðir í Þýskalandi fyrir karfa og ufsa hafa þá sérstöðu að miklu hærra verð fæst fyrir þennan ísfisk en hugsanlegt er að fá með annarri hagnýtingu.

Mikil uppbygging á sér stað á þessum mörkuðum, en nánari upplýsingar vantar um það.

2.3 Boulogne í Frakklandi

Í Boulogne eru seld ári um 70.000 tonn af ísfiski og telst hlutur okkar af því vera um 5.000 tonn. Mikilvægi þessa markaðar felst í því að þar fæst hátt verð fyrir fisk, sem á síður upp á pallborðið hér heima. Þar er t.d. um að ræða steinbít, grálúðu, keilu, löngu, blálöngu, hlýra, lýsu og háf að sögn Þórðar Árelíussonar. Á hinn bóginn er kostnaðar-

samt að senda þangað fisk en honum er oftast skipað upp í Immingham í Englandi og fluttur yfir sundið. Á markaðinum er boðinn upp fiskur einnig frá heimalandinu, Bretlandi og Noregi.

2.4 Zeebrugge í Belgíu

Markaðurinn í Zeebrugge tekur á móti um 20.000 tonnum á ári, en það er um 65% af lönduðum fiski í Belgíu. Hann er í einkaeign og hófu núverandi eigendur starfsemi sína þar 1988. Þar er selt mikið af flatfiski, karfa, steinbít, ufsa og grálúðu.

Miklar framtíðaráætlanir eru uppi um framkvæmdir við markaðinn í Zeebrugge, sem miðast við að verði komnar í gagnið þegar sameiginlegi markaðurinn er kominn á í Evrópu. Fyrirtækið hefur keypt 52 ekrur af óbyggðu landi. Þar á að gera 700 metra langan hafnarbakka og 120 metra langa bryggju. Hafnarbakkanum verður skipt í þrennt: Fyrir losun á uppboðsmarkað, losun úr frystiskipum og í þriðja lagi til viðgerða. Fimm skip eiga að geta losað í einu. Í tengslum við markaðinn og í eigu hans er áætlað að byggja kælda vinnusali fyrir flökun, 10.000 fermetra frystigeymslu, saltfiskgeymslu, fjögurra hæða skrifstofuhús með veitingasal o.s.frv.

Áætlað er að skipuleggja fiskflutninga til markaðarins frá Biscayaflóa, Liverpool, Aberdeen og Jótlandi. Aformað er einnig að kaupa fisk frá Íslandi og Noregi.

Að sögn Þórðar Árelíussonar eru eigendur sannfærðir um að Zeebrugge verði hliðið að Evrópu í móttöku og dreifingu á fiski vegna þess hversu miðsvæðis borgin er bæði með aðdrætti og dreifingu.

2.5 Hirtshals/ Vestur Jótland

Töluvert af fiski hefur verið flutt út frá Íslandi til Danmerkur og oftast um Hirtshals. Íslendingum var í janúar sl. nánast formlega boðin aðstaða til fiskvinnslu í Hirtshals. Í loftinu lá að með því mætti komast inn fyrir tollmúra Evrópubandalagsins og fá styrki til vinnslunnar. Í Hirtshals er í uppbyggingu fiskvinnslumiðstöð, þar eru þegar þar fyrir tvö færeysk fyrirtæki og eitt danskt.

Í könnunarferð frá samtökum fiskvinnslustöðva til Hirtshals kom fram að bæjarfélagið þar lætur byggja og innrétta húsnæði eftir þörfum atvinnurekenda, en það fæst leigt fyrir lágt verð. Þá er í boði ókeypis lögfræði og bókhaldsþjónusta svo og 20% stofnstyrkur frá Evrópubandalaginu.

2.6 NIÐURSTAÐA: Aukin samkeppni um ísfisk líkleg milli markaðanna

Eins og kemur fram hér í lýsingu á framangreindum ísfiskmörkuðum er þar margvísleg uppbygging á þróunum að því er varðar móttöku, vinnslu og dreifingu á ísfiski. Þessi uppbygging er studd bæði af styrkjum frá viðkomandi ríkjum, Evrópubandalaginu og viðkomandi sveitarfélögum. Mikil atvinnuþróunarstarfsemi er rekin í þessum löndum í samstarfi sveitarfélaga, stofnana og einstaklinga. Ljóst er að samkeppni milli þessara markaða getur orðið veruleg um hráefni. Það hlýtur að hafa þau áhrif að auka eftirspurnina eftir fiski m.a. frá Íslandi og stuðla að háu verði á þessum mörkuðum.


Augljóst er að fara þarf betur ofan í saumana á þessum framtíðaráformum til þess að hægt sé að gera sér gleggri og traustari grein fyrir því hvers má vænta í þessum efnunum.

3 ÞRÓUN ÚTFLUTNINGS OG MARKAÐSVERÐS Á FERSKUM ÍSLENSKUM FISKI Í EVRÓPU

3.1 Almenn þróun útflutnings á ísuðum botnfiski

Útflutningur á ferskum íslenskum fiski hefur aukist verulega á síðustu árum, eins og áður segir sbr. mynd 1. Það hlutfall sem ísað er í skipum og gámum til útflutnings hefur aukist úr 14% af botnfiskaflanum í tæp 21% síðustu fimm árin og magnið aukist úr 82 þúsund tonnnum 1985 í 142 þúsund tonn 1989.

Mynd 5



Heimild: Morgunblaðið

Tafla 5 Hagnýting botnfiskaflans 1985-1989

Ár	Unnið í landi			Útflutt ísað	Sjófryst og ísað	
	Landfryst þús. tonn	Saltað þús. tonn	Samtals þús. tonn	Þús. tonn	Þús. tonn	% af botnfiski
1985	333,3	138,8	472,1	81,8	99,8	17,1%
1986	329,7	149,7	479,4	112,7	140,7	22,2%
1987	319,2	180,8	500,0	119,5	167,5	24,5%
1988	295,6	171,5	467,1	134,1	214,1	30,5%
1989	269,1	150,9	420,0	142,3	241,8	34,5%

Heimild: Fiskifélag Íslands.


Frá byggðasjónarmiði er athyglisvert að á sama tíma hefur sjófrysting um borð í skipum aukist gífurlega. Hvort tveggja hefur dregið mjög úr afla til vinnslu í landi. Þetta kemur fram á eftirfarandi töflu:

Veigamiklar ástæður fyrir útflutningsaukningunni er skortur á fiski til vinnslu í Evrópu, einkum í Bretlandi og Þýskalandi á Humber- og Bremerhavensvæðunum og geta fiskvinnslustöðva þar til þess að greiða hátt verð, þrátt fyrir þá staðreynd að þær eru í samkeppni við íslenskar útfluttar sjávarafurðir, sem unnar hafa verðið heima fyrir.

3.2 Útflutningur til Bretlands og Þýskalands 1990. Magn og verðþróun.

Á eftirfarandi töflum má sjá hvernig þróunin hefur orðið í útflutningsmagni og meðalverði á ísfiski, sem seldur hefur verið á Humber-svæðinu og í Þýskalandi fyrstu sex mánuðina í ár með samanburði við sömu mánuði í fyrra, en þar er um að ræða mikilvægustu ísfiskmarkaðina erlendis.

Mynd 6 Hagnýting botnfiskafla 1985-1989



Tafla 6 Ísfisksölur í Bretlandi í sex mánuði

	1989	1990	Breyting
ÞORSKUR			
Tonn	14.101	15.936	14%
Sterlingspund/kg	0,88	1,25	43%
Kr./kg	78,25	125,42	60%
ÝSA			
Tonn	8.575	9.043	6%
Sterlingspund/kg	1,02	1,36	34%
Kr./kg	91,56	137,20	49%
KOLI			
Tonn	3.408	3.366	-1%
Sterlingspund/kg	0,86	1,11	30%
Kr./kg	77,33	111,48	44%
SAMTALS			
Tonn	30.526	33.700	11%
Sterlingspund	35%		
Kr./kg	44%		

Athyglisvert er að það verð sem fékkst fyrir 3.000 tonna aukningu á útflutningi ísfisks til Bretlands á fyrstu sex mánuðum ársins nam 1.675 millj. króna! Gámaútflutningur þangað jókst úr 22.099 tonnum í 27.016 tonn en það er 23% aukning. Hlutdeild gámaútflutnings er orðin 80% en skipa minnkaði milli áranna úr 26% í 20%. Verð hefur verið heldur betra fyrir fisk úr skipum. Verðið var hæst í janúar en lægst í maí, enda var minnstur útflutningur í janúar tæp 4.000 tonn en milli 5-6.000 tonn aðra mánuði.

Tafla 7 ÍSFISKSÖLUR Í ÞÝSKALANDI Í SEX MÁNUÐI

	1989	1990	Breyting
KARFI			
tonn	11.674	11.690	0%
DM/kg	2,71	2,92	8%
Kr./kg	75,74	104,95	39%
UFSI			
tonn	1.846	2.387	29%
DM/kg	2,13	2,32	9%
Kr./kg	59,19	83,24	41%
Samtals			
tonn	17.108	17.658	3%
DM/kg	9%		
Kr./kg	40%		

Af þessu magni voru flutt út 12.269 tonn með fiskiskipum en það er 70% hlutfall af heildarútflutningnum til Þýskalands.

3.3 Áhrif á verð á fiskmörkuðum heimafyrir og afkomu vinnslunnar í landi

Á fyrstu sex mánuðunum voru seld 38.600 tonn á íslensku mörkuðunum, Faxamarkaði, Fiskmarkaði Suðurnesja og markaðinum í Hafnarfirði, sem er um 46% aukning frá því í fyrra. Þetta magn seldist að meðaltali fyrir um 51% hærra verð en í fyrra. Það varð því nánast sama hækkun á fiski hér á fiskmörkuðum og varð í Bretlandi.

Með tilkomu fiskmarkaða hér á landi er ljóst að verð á erlendum mörkuðum hefur mun beinni og skjótvirkari áhrif á verð á hráefni til fiskvinnslu í landinu, en áður var, þegar gildi meira og minna verð, sem ákveðið var af Verðlagsráði. Þótt magnið sé ekki meira en raun ber vitni tengist verð til fiskvinnslunnar því á margvíslegan beinan og óbeinan hátt.

Þetta er athyglisverð staða. Fiskverði erlendis er í raun haldið uppi með skömmun með það fyrir augum að nýta hátt verð sem er á fiski sem fer kældur beint til neyslu. (Aflamiðlun). Verð sem myndast á mörkuðum hér heima tekur svo mið af þessu „verndaða“ verði á erlendu mörkuðunum og meginhluti fiskvinnslunnar hér á landi þarf að hlíta því hráfnisverði sem þannig myndast. Vitað er að mörg fiskvinnslufyrirtækjanna þola ekki þetta hráfnisverð og auka skuldir sínar í stað eigin fjár vegna taprekstrar.

Þessi vandi fiskvinnslunnar á landsbyggðinni, sem síst nýtir sér hátt söluverð á ísfiskmörkuðum erlendis verður þannig að einum þætti byggðavandans.

Vitanlega er æskilegt að spyrna gegn því að flutt sé út óunnið hráefni til vinnslu í frystingu eða salt í útlöndum, en þessi reynsla hlýtur - ef að er gáð - að vekja spurningar um aðferðina, sem beitt er til þess.

Þessi áhrif ísfiskmarkaðanna erlendis á hráfnisverð fyrir fiskiðnaðinn hér heima, sem koma fram í framansögðu, eru ef til vill ennþá athyglisverðari vegna þess að þegar upp er staðið er verulega minni munur á skiptaverði og verði til útgerðar ef selt er á mörkuðum hér heima eða á mörkuðum erlendis (sem njóta verndar í takmörkun framboðs og njóta einnig þess að selja á háu verði fisk sem fer nánast beint til neytenda). Skilaverð til útgerðar fyrir þorsk var á mörkuðum innanlands að meðaltali 53,11 fyrir kg en úr gámum á Humber svæðinu 56,05 kr/kg og fiskiskipum 61,12 kr. sem er 5-15% herra verð. Lítil munur er á verði ýsu, en mikill á karfa og ufsa. Samkvæmt athugun var munurinn sem hér segir fyrstu sex mánuðina á þessu ári:

Tafla 8 Hærra fiskverð í Þýskalandi en á Faxamarkaði/Hafnarfjarðarmarkaði

	SJÓMENN		ÚTGERÐARMENN	
	Án kvóta skerðingar	Með kvóta skerðingu	Án kvóta skerðingar	Með kvóta skerðingu
ÞORSKUR				
Gámar	33%	16%	21%	5%
Úr skipum	42%	24%	32%	15%
ÝSA				
Gámar	26%	10%	15%	0%
Úr skipum	33%	16%	23%	7%
UFSI	122%	70%	117%	89%
KARFI	132%	102%	127%	98%

Ath: Hér er eingöngu um samanburð á hlutfallslegum muni á meðalverði að ræða á framangreindum mörkuðum fyrstu 6 mánuði þessa árs.

Heimild: Fiskifrétir. (Útreikningur Gyða Þórðardóttir Þjóðhagsstofnun)

4 ÓJÖFN SAMKEPPNI ÍSLENSKRA VINNSLUSTÖÐVA VIÐ STYRKTA OG TOLLVERNDAÐA FISKVINNSLU Í NÁGRANNALÖNDUM

Fullunnar sjávarafurðir, sem unnar eru úr íslenskum fiski í Evrópulöndum eru að sjálf-sögðu seldar í samkeppni við sams konar íslenskar afurðir, sem fluttar eru út til sölu á þeim markaði. Kostnaður við framleiðsluna, þ.á.m. hráefniskostnaður getur því eðli málsins samkvæmt ekki farið fram úr ákveðnu marki, ef fullunna varan á að vera samkeppnishæf í verði. Í þessu sambandi verður einnig að hafa í huga að vinnslan í Evrópu greiðir að meðaltali lægra verð fyrir hráefni í frystar eða saltaðar afurðir heldur en meðalverð á viðkomandi ísfiskmarkaði. Hæsta verðið á þeim markaði er greitt fyrir fisk sem er tilreiddur beint til neyslu.

Skýringar á því, hverjar ástæður liggja til þess að fiskvinnsla í Evrópu getur samt augljóslega greitt mjög hátt verð fyrir íslenskt hráefni, eru margslungnar en í stórum dráttum má flokka þær í þrennt:

1. Mikilvæg ástæða eru ytri tollar EB, sem leggjast þungt á sumar íslenskar afurðir en vega mun minna í verði á afurðum úr íslensku hráefni, sem fullunnið er í EB löndunum. Þetta á þó fyrst og fremst við um saltaðar afurðir, þar sem tollar eru háir og innflutningskvótar. Öðru máli gegnir um tolla af frystum íslenskum afurðum, sem eru lægri en tollar af ferskum fiski. Hins vegar er innflutningur ferskra flaka tollaður 18%.
2. Aðrar mikilvægar almennar ástæður eru mismunandi launakjör, kröfur til hreinlætis og aðbúnaðar starfsfólks o.fl. þess háttar. Þar er um mjög mikinn mun að ræða eins og síðar verður að vikið.
3. Í þriðja lagi koma til áhrif opinberra styrkja og annars stuðnings við sjávarútveg sem Evrópubandalagið sjálf, viðkomandi ríki og sveitarfélög láta í té, en um það verður fjallað í næsta kafla. (Kafli 5.)

4.1 Tollvernd Evrópubandalagsins gagnvart Íslendingum, Norðmönnum, Kanadamönnum og Færeyingum

Í meginatriðum eru innflutningstollar Evrópubandalagsins á ferskan fisk og sjávarafurðir mjög hagstæð Íslendingum miðað við samkeppnisþjóðir utan bandalagsins svo sem sést á eftirfarandi yfirliti. Nokkur frávik eru frá neðangreindum almennum tollflokki og tollfrjálsir kvótar eru á saltfiski sem gilda gagnvart Norðmönnum og Íslendingum.

Augljóst er að íslenskar saltfiskafurðir eru mest tollverndaðar samkvæmt þessu yfirliti enda er tilhneiging til þess að flytja flattan eða flakaðan hálfunninn fisk út til Evrópubandalagsins og salta hann þar og komast þannig fram hjá tollaálagningu.

Tafla 9 Tollaálögur EB á sjávarafurðir

	Ytri tollur EB	Ísland	Noregur	Kanada	Færeyjar
NÝR FISKUR, heill, kældur eða frystur					
Þorskur	13.1%	3.7%	13.1%	13.1%	13.1%
Karfi	8%	2%	8%	8%	8%
Ufsi	15%	3.7%	15%	15%	15%
Ýsa	15%	3.7%	15%	15%	15%
FRYST FLÖK	15%	0	3%	15%	3%
FERSK FLÖK	18%	18%	18%	18%	18%
LIFUR OG HROGN					
Kæld og fryst	10%	0	10%	10%	10%
Sölt	11%	0	11%	11%	11%
SALTFISKUR					
Flattur	13%	0-13%	0-13%	13%	0
Þorskflök	20%	11-20%	20%	20%	0
RÆKJA	20%	0	7.5%	20%	20%
HÖRPUDISKUR	20%	8%	7.5%	20%	20%
KAVÍAR	30%	0	30%	30%	30%

Augljóst er af töflunni hver ávinningur það yrði Norðmönnum að ganga í Evrópubandalagið og hvernig samkeppnisstaða þeirra gagnvart Íslendingum myndi batna við það.

Mynd 7 Áhrif tolla EB á verðmyndun á saltfiski og hráefni til saltfiskvinnslu

HVAÐ MUNDI HRÁEFNISKAUPGETA SALTFISKFRAMLEIÐANDANS AUKAST MIKIÐ VIÐ AFNÁM TOLLA EB ?			
Flattur þorskur	Flattur þorskur	Þorskflök	
Dæmi	7% tollur EB	13% tollur EB	20% tollur EB
Greiddur tollur á kg	24,10 kr./kg	42,40 kr./kg	72,40 kr./kg
Hráefnisnýting m.v. slægðan ísfisk með haus:	47%	47%	31%
Tollur á hráefnis-kg	11,30 kr./kg	19,90 kr./kg	22,45 kr./kg
Verðlagsráðsverð með 10% ífiskálagi	53,90 kr./kg	53,90 kr./kg	53,90 kr./kg
Kaupverð ef tollurinn færir allur til hráefniskaupa	65,20 kr./kg	73,80 kr./kg	76,35 kr./kg
Aukin kaupgeta framleiðandans	21%	37%	42%

FORSENDUR: Tekin eru dæmi um flattan fisk og þorskflök á Ítalíu, en Ítalíumarkaður greiðir hvorki hæsta né lægsta verð. Miðað er við gengi 2.4.'90. Nýtingin á saltfiski er miðuð við slægðan ísfisk með haus og er nýtingarhlutfallið notað til þess að breyta tollgreiðslu á saltfisk-kg yfir í greiðslu á hráefnis-kg. Miðað er við Verðlagsráðsverð fyrir stærsta fisk í 1. flokki með 10% ífiskálagi (kassafiskur). Aukin kaupgeta segir hvað framleiðandinn gæti greitt mörgum % hærra verð en Verðlagsráðsverðið er í dag ef hann þyrfti ekki að greiða tollinn.

1990.04.04 / bsív

Heimild: Útreikningar SÍF

4.2. Ódýrari kostnaðarþættir og meiri hagkvæmni í fiskvinnslu á Humber svæðinu en hér á landi

Eins og áður er að vikið hefur Helgi Már Reynisson, sjávarútvegsfræðingur gert athugun á samkeppnishæfni íslenskrar og breskrar fiskvinnslu. Niðurstöður sínar byggði hann á ársreikningum 12 breskra fyrirtækja á Humber svæðinu frá árunum 1982/86, en 7

þeirra voru frystihús og 5 ferskfiskvinnslufyrirtæki. Þessa reikninga valdi hann úr 123 ársreikningum alls, þar sem hann taldi þá lýsa rekstri sambærilegra fyrirtækja eins og venjulegust eru hér á landi.

Því miður eru ekki til hliðstæðar athuganir á öðrum samkeppnisfyrirtækjum t.d. í Þýskalandi. Því eiga eftirfarandi niðurstöður Helga eðli málsins samkvæmt einvörðungu við á Humber svæðinu.

Eftirfarandi atriði taldi hann athyglisverð:

1. Velta bresku fyrirtækjanna var mun meiri á hvern starfsmann enn íslensku viðmiðunarfyrirtækjanna. Þetta átti einkum við ferskfiskhúsin en fyrir hráefni til ferskfiskvinnslu er borgað mun betur en fyrir hráefni til frystingar.

Íslensk frystihús	Ensk frystihús	Ensk ferskfiskvinnsla
2.9 m.kr	4.2 m.kr	11.6 m.kr.

2. Nýting hráefnis. Ensk fiskvinnsla er sérhæfðari en 90% hráefnis er þorskur og ýsa. Þau nota öll polifosfat og handflaka öll fiskinn. Nýting er að jafnaði um 50% hjá íslensku frystihúsunum en ensku 53-54%.
3. Ensku frystihúsin eru nýrri en íslensk en stærð frystigeymsla minni. Birgðarymi 45 dagar á Íslandi en 20 dagar í Bretlandi.
4. Laun: Mikill munur er á launum. Meðallaun í íslenskum frystihúsum reyndust 340 kr./klst. en í ensku 170 kr./klst. og í ferskfiskhúsi 253 kr. Önnur starfskjör reyndust einnig allt önnur og launatengd gjöld á Íslandi 20% en í Bretlandi 10% ofan á bein laun.

Helgi segir að almennt virðist ensku fyrirtækin geta hleypt hráefniskostnaði í 75-85% af afurðaverði, og ferskfiskframleiðendur jafnvel herra. Fjárfesting í íslensku vinnslunni reyndist nokkru meiri en þeirri ensku en framleiðsla íslensku frystihúsanna á hvern manntíma á hinn bóginn síst meiri en í sambærilegri framleiðslu ensku húsanna.



Niðurstaðan Helga var sú að mikið mætti laga í íslensku fiskvinnslunni sjálfri og hann taldi styrki ekki hafa úrslitaáhrif á samkeppnisstöðuna. Í því sambandi er rétt að geta þess að styrkirnir eru stofnfjárstyrkir og koma því ekki beint fram í rekstrarreikningunum. Auk þess hafa þessir styrkir aukist og breyst frá þessu tímabili, sem athugun hans nær til. Óhætt er að fullyrða að opinber stuðningur sé mjög mikill við fiskvinnslu í Evrópubandalagninu, eins og kemur fram hér í næsta kafla, og þar sé að leita skýringa á óeðlilegri samkeppni þessarar vinnslu, þótt niðurstöður Helga séu mjög athyglisverðar og hljóti að vera til athugunar, þegar fjallað er um stöðu vinnslunnar bæði frá byggðapólitísku sjónarmiði og almennt.

Þessar niðurstöður Helga Reynissonar eru mjög í samræmi við þær athuganir sem aðrir hafa gert í þessum efnum. Til viðbótar því sem áður kom fram má nefna að mikill hluti fiskvinnslunnar á Humber svæðinu er rekinn í litlum fyrirtækjum, sem greiða ekki lögboðna skatta og gjöld. Svört starfsemi („underground“) er því tiltölulega algeng. Nýtingarmunur er á sumum sviðum ótrúlegur eftir því sem best verður séð, þannig er nýting í vinnslu kola t.d. 52-53% hjá vönum flakara í Bretlandi en 35% í vél, eins og oftast er notuð hér á landi. Fram kom í skýrslu Þórðar Árelússonar að algengt væri að flakarar fengju „bónus“ þannig að þeir fái sjálfir í sinn hlut það sem eftir af fiskinum er umfram 50% nýtingu, haus og klumbrubein. Þannig má lengi telja. Kostnaður við vinnslu í Bretlandi og hér heima er gífurlega mismunandi.

Rétt er að minna á í þessu sambandi að á árinu 1985 gerði Kjararannsóknarnefnd athugun á launum og launakostnaði í fiskiðnaði í *Noregi, Danmörku, Englandi og á Íslandi*.

Niðurstöður hennar eru birtar í skýrslu í des. 1985. Helstu niðurstöðurnar koma fram á meðfylgjandi mynd.

MYND 8



Heimild: Laun og launakostnaður í fiskiðnaði í Noregi, Danmörku, Englandi og Íslandi; Skýrsla starfshóps Kjararannsóknarnefndar, desember 1985.

5 STYRKIR OG ATVINNUÞRÓUNARSTARFSEMI Í EB

Það er alkunna að sjávarútvegurinn er undirstöðuatvinnugrein hér á landi að því leyti að langmestur hluti vöruútflutningsins er sjávarafurðir og rúmlega 50% af gjaldeyrstekjum þjóðarinnar eru þaðan runnar. Af þessu leiðir að aðrar atvinnugreinar eru lítt eða ekki aflögufærar til stuðnings íslenskum sjávarútvegi.

Þessu er öðruvísi farið í samkeppnislöndunum. Norðmenn, Kanadamenn hafa styrkt sjávarútveg sinn gífurlega í gegn um tíðina. Á þessu ári munu styrkir til kanadísks sjávarútvegs við Atlantshafsströndina nema um 30 milljörðum ísl. króna. (Eurofish report 10 maí 1990) Norðmenn áætla að styrkja sjávarútveg þar í landi úr ríkissjóði sem nemur 10.5 milljörðum króna á þessu ári (1.125 NOK). Miklir styrkir renna til sjávarútvegs í Færeyjum og á Grænlandi í raun úr ríkissjóði Dana. Allir þessir fjármunir eru tilfærslur frá öðrum atvinnugreinum og skekkja því samkeppnisstöðuna, sem við líði er á markaði fyrir sjávarafurðir, en þar eru þessar þjóðir langmikilvægustu keppinautar Íslendinga.

Mikil umræða hefur átt sér stað um þessar styrkveitingar ekki síst vegna aukinnar fríverslunar með almennar vörur og þjónustu bæði í alþjóðaviðskiptum og vegna hræringa í Evrópu innan EFTA og Evrópubandalagsins. Sannleikurinn er þó sá að lítið þokast í þá átt að draga úr þessum styrkjum, þótt slíkt sé látið í veðri vaka. Þvert á móti hafa styrkirnir sumpart aukist og í öðrum tilfellum hafa þeir verið veittir á öðrum forsendum. Almennt virðist vera þróun í þá átt að veita byggðastyrki og þá oftast í eitt skipti fyrir öll (stofnstyrki) í stað rekstarstyrkja áður.

5.1 Styrkir til atvinnuveganna og byggðastefna Evrópubandalagsins

Hér verður einvörðungu fjallað stuttlega um þessa styrki en nánar vísast til greinargerðar Sigurðar Guðmundssonar um Evrópska efnahagssvæðið og byggðaðróun dags 21.6 1990 og vinnublað um byggðamál og byggðastyrki í Bretlandi frá 10.6.1990.

Í Evrópubandalagslöndum hafa tíðkast stórfelldir styrkir til landbúnaðar, sjávarútvegs og almennt til þess að auka atvinnu á stöðum og landshlutum, þar sem atvinnulífið hefur verið veikt. Þar hefur einnig gætt þeirrar viðleitni að draga úr beinum rekstrarstyrkjum, t.d. til landbúnaðar, en jafnframt hefur verið gripið til stórauðinna stofnfjárstyrkja til eflingar atvinnuvegum í einstökum héruðum og jafnvel löndum. Þá hefur gífurlega auknu fé verið varið til *atvinnuþróunarstarfsemi*.

Evrópubandalagið rekur mjög ákveðna byggðastefnu og ver til þess stórfelldum og vaxandi fjármunum. Markmiðið er að ná sem fyrst jöfnuði í atvinnustarfsemi og lífskjörum í öllum löndunum. Nú er horft til áramótanna 1992/93, þegar innri markaðurinn á að hefja göngu sína en búist er við að enn verði róðurinn hertur í þessum efnunum þegar kemur til þess að bandalagsríkin taki upp sameiginlega mynt og stofni *Evrópubanka*. Þá er talin enn meiri þörf í að ná fram jöfnuði á skilyrðum til atvinnurekstrar hvar sem er í hverju landi.

Þessu markmiði er ætlunin að ná með skipulagssjóðum atvinnuveganna (structural funds), sem eru þrír. Einn þeirra er Byggðasjóður Evrópu (European Regional Development Fund). Tveir aðrir sjóðir Félagsmálasjóður Evrópu (The European Social Fund) og Landbúnaðarsjóður Evrópu vinna að atvinnuþróunar og byggðaverkefnum. Þessum sjóðum er beitt í því skyni að samræma byggðastefnu aðildarríkjanna og framkvæma stefnu þess í heild til jöfnunar atvinnuþróunar.

Það er beinlínis stefnumark Evrópubandalagsins að tvöfalda að raungildi þá fjármuni milli ára 1988 og 1993, sem þessir sjóðir veita. Á þessu fimm ára tímabili er ráðgert að þessir sjóðir verji beint sem svarar 4.525 milljörðum ísl. króna á núgildandi gengi, en að auki komi til aðstoð við veik byggðasvæði frá viðkomandi ríkjum þannig að heildarframlög á þessu árabili verði sem svarar tæplega 8.000 milljarðar ísl. króna á Evrópubandalagssvæðinu eða að meðaltali 1.600 milljarðar á ári.

5.2. Sérstakir styrkir frá Evrópubandalaginu til fiskvinnslu

Í janúar sl. var sett ný reglugerð í Evrópubandalaginu um sérstaka styrki til fiskvinnslufyrirtækja (Reglugerð 4042/89). Samkvæmt reglugerðinni geta styrkir frá Brussel numið 50% í Portúgal, Grikklandi, Írlandi og á Spáni en 30% í Danmörku Vestur Þýskalandi, Belgíu og á Humber svæði í Bretlandi af „kostnaði við að koma upp aðstöðu til að flaka, salta, reykja, þurrka, hansa, roðfletta, sjóða niður og pakka fisk“. Athyglisvert er að beinlínis er gert ráð fyrir að viðkomandi ríkisstjórnir styrki þessa uppbyggingu a.m.k. um 5% þannig að fiskverkendur á Humber svæði gætu samkvæmt því fengið 35% stofnstyrki til fyrrgreindra framkvæmda.

Fiskvinnslufyrirtæki gætu ennfremur notið almennra byggðastyrkja eins og áður segir.

Ný frétt um framkvæmd þessarar reglugerðar var í Eurofish Report 16. ágúst sl. Þar er greint frá því að alls sé ætlað að verja 2,3 milljörðum ECU eða um 173 milljörðum ísl. kr. til að „endurbæta aðstöðu til fiskvinnslu og markaðssetningar sjávarafurða“. Einstökum ríkjum er ætlað að gera um þetta sérstakar áætlanir („sectorial plans“), sem síðar komi til umfjöllunar og endanlegrar ákvörðunar í Brussel, en áformað er að helmingur þessara framkvæmda um 87 milljarðar króna verði fjármagnaðar með styrkjum frá viðkomandi ríkissjóðum og EB en helmingurinn fjármagnaður af fyrirtækjunum sjálfum.

6. HORFUR UM BREYTTAR SAMKEPPNISSTÆÐUR NÆSTU ÁR

Að sjálfsögðu geta samkeppnisaðstæður á þessum mörkuðum breyst á næstu árum. Norðmenn gætu gengið í Evrópubandalagið. Þeir greiða nú 13.1% toll af ferskum fiski en við Íslendingar 3.7%. Með tollfrelsi þeirra myndi þessi samkeppnisstaða gerbreystast. Með samningi við EB gætum við Íslendingar hugsanlega fengið tollalækkun á flökum en við greiðum nú 18% toll af þeim og þannig verndar EB ferskfiskframleiðendur sína, en þeir flaka ísaða fiskinn yfirleitt áður en hann fer á markað. Þetta virkar líka sem vernd fyrir frystingu þeirra og söltun. Lækkun á saltfisktollum myndi einnig gerbreyta samkeppnisstöðu okkar.

Ef á hinn bóginn er gengið út frá óbreyttri stöðu aðildar og samninga við EB verður að gera ráð fyrir eftirfarandi breytingum á samkeppnisstöðu.

1. Að þörf Evrópubandalagsríkja muni aukast á innflutningi botnfiskafurða vegna aukinnar neyslu á ferskum fiski og minnkandi afla bandalagsþjóðanna sjálfra, eins og nánast allar heimildir benda til, en það þýðir aukna eftirspurn eftir ísuðum eða ferskum fiski á mörkuðum bandalagsins.
2. Að áhrif af opinberu styrkjakerfi þessara ríkja muni ekki minnka, þvert á móti fremur aukast. Styrkirnir munu líklega breytast en þó ekki þannig að dragi úr áhrifum á sjávarútveg eða vinnslu og dreifingu fiskafurða. Í stað beinna rekstrarstyrkja sem óðum er að draga úr, verði haldið áfram styrkjum sem eru rökstuddir sem byggðastyrkir til stofnsetningar og endurskipulagningar fyrirtækja og að meira eða minna styrkt *atvinnuþróunarstarfsemi* komi einnig til.
3. að auknar kröfur til hreinlætis og aðbúnaðar verkafólks, sem yrðu vafalítið þyngri í skauti Evrópuþjóða, en framleiðendum hér á landi, geti skert samkeppnisstöðu þeirra, en þó kemur þar til í hversu miklum mæli þessi kostnaður verður greiddur af viðkomandi ríkissjóðum, sveitarfélögum eða EB.

Að óbreyttri stöðu okkar Íslendinga og samkeppnisþjóða gagnvart EB virðist því blasa við, þegar heildarmyndin er skoðuð, að samkeppni að þessu leyti um íslenskt hráefni eigi eftir að aukast á næstu árum.

7. HAGNÝTA ÍSLENSKIR FISKVERKENDUR SÉR STYRKI OG AÐRA AÐSTOÐ Í EVRÓPULÖNDUM MEÐ ÞVÍ AÐ FLYTJA ATVINNUREKSTUR SINN ÚR LANDI?

Þetta er spurning sem vafalítið á eftir að verða áleitin. Nú þegar hafa borist tilboð um þetta sbr. ljósrít af blaðagrein frá því í jan. sl., sem fjallar um tilboð til íslenskra fiskframleiðenda um aðstöðu í Hirtshals.

Ljóst er að tilhneiging til þess að komast hjá saltfisktollum verður mikil á næstunni en á Spáni og í Portugal eru mestu stofnstyrkirir veittir til fiskverkunar. Þar gæti borgað sig fyrir íslenska framleiðendur að koma sér upp aðstöðu, flytja út hráefni eða hálfunninn fisk með litlum tolli og verka hann svo áfram í niðurgreiddum fiskvinnslustöðvum nálægt markaði í þessum löndum.

Sama er í raun að segja um vinnslu í öðrum löndum t.d. Bretlandi og hefur þegar verið farið út á þá braut af SH, SÍS og fleirum.

8 ÁHRIF AUKINNAR SAMKEPPNI UM FERSKAN FISK Á BYGGÐAÞRÓUN HÉR Á LANDI

Minnkandi affli, sem berst til hefðbundinna fiskvinnslugreina í landi, hefur augljós áhrif á umsvif og afkomu fiskvinnslustöðvanna. Þau fyrirtæki eru eins og kunnugt er oft hornsteinn í atvinnulífi einstakra byggðarlaga á landsbyggðinni. Áhrif þess samdráttar, sem að öðru jöfnu hlýtur að stafa af aukinni sölu á ferskum fiski úr landinu, eru því einnig augljós á viðgang byggðar í landinu og er þá gert ráð fyrir því að botnfiskafli aukist ekki næstu ár a.m.k. að sama skapi.

Það verðmyndunarkerfi á ferskum fiski hér á landi, sem nú er komið á í kjölfar þess að uppboðsmarkaðir voru settir á laggir með ferskan fisk og að hafin var miðlun á afla til útflutnings, mun einnig ekki síður að óbreyttu hafa veruleg áhrif á afkomu fiskvinnslustöðvanna á landsbyggðinni og þar með á byggðaðróun.

Allt þar til fyrir skömmu gekk fiskur kaupum og sölum að langmestu leyti á því verði sem verðlagsráð sjávarútvegsins ákvað. Starfsemi ráðsins þróaðist þó í þá átt að ákveða við vissar aðstæður svokallað frjálst verð á einstökum fisktegundum. Svo hefur t.d. verið um nokkurt skeið að því er varðar verðlagningu á loðnu. Þetta hefur þó fremur verið undantekning en regla að því er varðar aðrar tegundir t.d. algengustu tegundir botnfiskafla.

Ísfiskmarkaðir hér á landi hafa starfað nú um þriggja ára skeið. Þeir hafa nánast einvörðungu náð fótfestu SV lands. Faxamarkaður hf. í Reykjavík, Fiskmarkaður hf. í Hafnarfirði og Fiskmarkaður Suðurnesja hf. eru þeir helstu.

Aflamiðlun var komið á fót sl. vetur með samkomulagi fulltrúa seljanda fersks fisks í Verðlagsráði sjávarútvegsins (sjómanna og útgerðarmanna) kaupenda hráefnis (fiskvinnslunnar) og verkafólks. Starfrækslu hennar er þannig háttað að hún veitir í umboði utanríkisráðuneytisins leyfi fyrir útflutningi á ísuðum fiski í gámum eða skipum. Tilgangur starfseminnar er sá að auka gæði útflutts ísfisks og sérstaklega að takmarka útflutning á ísfiskmarkaði í útlöndum þannig að sem mest eða allt magn, sem þar er selt fari til beinnar neyslu.

Þannig er hugmyndin að nýta það markaðsverð sem er svo hátt fyrir kældan fisk sem fer beint til neyslu að það er í algerum sérflokki, en forðast að bjóða svo mikið magn að fiskurinn falli í verði og tækifæri skapist fyrir vinnslustöðvar í viðkomandi löndum að fá íslenskan óunninn fisk á tiltölulega lágu verði, sem fer í frystingu eða söltun.

Tilgangurinn er sem sé sá að koma í veg fyrir að vinnsla fisks flytjist úr landinu.

Í framkvæmd hefur þetta orðið svo sem áður var lýst, að verðþróun á uppboðsmörkuðum hér innanlands miðast ótrúlega mikið við verð sem fæst fyrir fisk á ísfiskmörkuðum erlendis. Þetta gerðist t.d. nú í vetur að verðhækkun að meðaltali á Faxamarkaði og Hafnarfjarðarmarkaði á þorski og ýsu varð svipuð og á Humber svæðinu, eða rúmlega 50% í ísl. krónum á fyrstu sex mánuðum þessa árs miðað við sama tíma í fyrra.

Þetta á sér stað sumpart vegna þess að talið er að umboðsmenn útlendinga kaupi mikið á ísfiskmörkuðum hér heima. Það hefur áhrif á verðmyndunina auk þess sem þessir markaðir eru það þröngir að litlar sveiflur í framboði og eftirspurn segja fljótt til sín í verði. Þetta eru því nánast eins og á erlendu máli nefnast „spot“ markaðir.

Engu að síður hefur verð á þessum innanlandsmörkuðum einnig bein og óbein áhrif á verð á fiski til þeirra sem kaupa beint af bátum eða togurum. Til þess að koma til móts

við sjómenn, sem taka laun sín hér á landi samkvæmt aflahlut, var samþykkt í Verðlagsráði að greiða svonefnt heimalöndunarálag á fisk. Þetta heimalöndunarálag eða aðrar greiðslur umfram Verðlagsráðsverð er nokkuð mismunandi eftir stöðum á landsbyggðinni, en greinilegt er að verð á innanlandsmörkuðunum hefur haft það í för með sér að slíkar umframgreiðslur eru mun hærri en ella væri.

Niðurstaðan er því sú að þróun verðs á „vernduðum“ ísfiskmörkuðum erlendis, sem selja talsverðan hluta af fiskinum beint til neyslu, mótar meira eða minna verðmyndun á hráefni til íslenskra fiskvinnslustöðva. Við þetta skráfast verðið upp með augljósum afleiðingum fyrir fiskvinnslufyrirtækin og viðgang sjávarplássá á landsbyggðinni.

Þetta sölukerfi (Aflamiðlun) hefur einnig verið gagnrýnt af ýmsum hagsmunaaðilum, sem þekkja markaðsaðstæður á ísfiskmörkuðum erlendis, einkum á Humber svæðinu. Þeir halda því fram að þessi takmörkun á að menn geti selt fisk á þessa ísfiskmarkaði dragi úr vonum útgerðarmanna til þess að fá á þann veg hátt verð fyrir aflann. Það hafi aftur í för með sér að útgerðarmennirnir muni fremur láta breyta skipum sínum í frystiskip og vinni aflann um borð.

Eigi þessi sjónarmið við rök að styðjast er rétt að hafa í huga hve frysting um borð í skipum hefur aukist mikið síðustu ár og hvaða spón sú þróun hefur tekið úr aski fiskvinnslunnar í landi. Þá er einnig rétt að benda á í því sambandi álit svonefndrar HALÍOS nefndar frá því í maí 1989, en þar er ein meginniðurstaðan að búast megi við verulegri aukningu á fiskvinnslu um borð í skipum.

Af framansögðu má sjá að allar þær breytingar, sem hafa átt sér stað og eru að eiga sér stað í sjávarútvegi eru flókin fyrirbrigði, en þær hafa á margvíslegan hátt áhrif á rekstur og uppbyggingu fiskvinnslunnar í landi og þar með þróun landsbyggðarinnar.

9 HUGSANLEG VIÐBRÖGÐ STJÓRNVALDA, BYGGÐASTOFNUNAR OG STJÓRNENDA FISKVINNSLUFYRIRTÆKJA

Að óbreyttu ástandi verður ójöfn samkeppni við líði milli íslenskrar fiskvinnslu og evrópskrar fyrst og fremst vegna verndartolla á ferskum botnfiskflökum og saltfiski svo og vegna stórfellds styrkjakerfis Evrópubandalagsins. Þetta hlýtur að rýra lífskjör þjóðarinnar og er eðlilega verkefni stjórnvalda að bregðast við t.d. með stefnu í gengismálum og með samningum við Evrópubandalagið, eða á annan hátt.

Þá er það mikilvægt verkefni stjórnvalda að standa þannig að stýringu á verðmyndun og markaðssetningu sjávarafurða að fiskvinnslan hér heima þurfi ekki að keppa í hráefnisverði við verð sem myndast á markaði fyrir takmarkað magn af ferskum neyslufiski.

Út í þá sálma hvernig stjórnvöld leysa þessi verkefni verður eðlilega ekki farið hér.

Hvað sem því líður virðist margt benda til þess, hvernig sem fer um samninga helstu samkeppnisþjóða svo sem Norðmanna, að samkeppnisaðstæður valdi því bæði vegna eftirspurnar frá Evrópu og tilhneigingar til vinnslu á sjó, að úr minnkandi magni verði að spila í hráefni fyrir vinnslustöðvar í landi. Þetta á t.d. við um vinnslu í frystingu og saltfisk, sem eru þær greinar, sem nota mest vinnuafli og veita þar af leiðandi mesta atvinnu í fiskiðnaði.

Að því er varðar stefnu í atvinnumálum á landsbyggðinni er einsýnt að bregðast þurfi við þessu með því að auka fjölbreytni í atvinnulífi þannig að ekki sé byggt í eins ríkum mæli á fiskvinnslu og sjávarútvegi og nú er.

Þetta kemur heim og saman við þá stefnu að stuðla að vexti iðnaðar og þjónustugreina á svæðum þar sem slíkir atvinnuvegir hafa góða vaxtarmöguleika við hlið sjávarútvegs og landbúnaðar.

Síðast en ekki síst kemur þetta heim og saman við þá stefnu að stórauka þurfi *atvinnuþróunarstarfsemi*. Sú starfsemi þarf að beinast að því að auka fjölbreytni í atvinnulífinu og styðja nýjungar á því sviði. Hún þarf einnig að beinast að því að aðlaga það atvinnulíf sem fyrir er við nýjum aðstæðum.

Stjórnendur fiskvinnslufyrirtækja og samtök þeirra þurfa að bregðast við vaxandi ójafnri samkeppni um hráefnið með því að þróa nýjar vörutegundir, sem markaðurinn vill og hagræða í rekstri, þannig að hann beri sig og skili arði.

Til þess að standa undir *atvinnuþróunarstarfsemi yfir höfuð* og ýta undir þá umþóttun og umbætur sem þörf er á í fiskvinnslunni, þarf að leggja fram stóraukið óafturkræft fjármagn, þótt á engan hátt sé farið út á þá braut sem gert er í Evrópubandalaginu með opinbera styrki.

Eðlilegasta leiðin til þessa að auka *atvinnuþróunarstarf* á landsbyggðinni sérstaklega, er að starfsemi Byggðastofnunar verði eflað á þessu sviði og að hún fái til þess nauðsynlegt fjármagn, eins og lagt hefur verið til.